



Frumkvæði – Sköpun - Áræði

## Þróunarstarf

4. október 2010

Efnisyfirlit:

Samantekt

Undirbúningsstarf

Starfsfólk

Vinna við skólanámskrá

Skipulag náms

Nýjar námsbrautir

Nýir námsáfangar

Þróunarverkefni:

- Þrep undanfari þreps
- Þurfum við kennslubækur?
- Úrgangslist
- Lotuáfangar
- Opinn hugbúnaður



Nemendur að störfum. Mynd: Gísli Kristinsson

## Samantekt

Markmið þessa skjals er að lýsa aðdraganda að skólabyrjun Menntaskólans á Tröllaskaga, lýsa því viðamikla þróunarverkefni sem felst í stofnun á nýjum framhaldsskóla.

Menntaskólinn á Tröllaskaga tók til starfa haustið 2010 með 73 nemendur sem má gera ráð fyrir að séu tveir árgangar fyrir skólann það er úr fjarnámsveri frá vetrinum áður, nemendum sem komu heim úr öðrum skólum ásamt nýnemum og nokkrum eldri nemendum.

Í samráði við menntamálaráðuneytið er skólinn skipulagður í samræmi við lög um framhaldsskóla frá nr. 92, 2008 enda ekki fjárhagslega eða kennslufræðilega hagkvæmt að móta fyrst skóla eftir eldri lögum til þess eins að breyta honum.

Að skólanum réðist vel menntaður og reynslumikill kennarahópur sem er vel í stakk búinn til að fást við það flókna verkefni að skapa nýjan framhaldsskóla.

Kennt er með dreifnámssniði í vikulöngum lotum sem haldið er utanum í kennsluferfinu Moodle. Metið er samkvæmt leiðsagnarmati til að nemendur hafi alla jafna góða yfirsýn yfir stöðu sína og námsframvindu. Um miðja önn er vikulangt hlé þar sem kennarar sinna ítarlegra námsmati og undirbúa síðari hluta annar en nemendur eru þá í svo kölluðum lotuáföngum. Sama endurtekur sig í lok annar.

Lögð er áhersla á að finna leiðir til að nýta fjármagn sem best í fámennum skóla í dreifbýli og er til dæmis þróunarverkefnið „Prep undanfari þreps“ í skoðun til að fækka áföngum í boði á önn. Það er skólanum metnaðarmál að fara vel með það fjármagn sem veitt er til skólans.

Það er reynsla okkar við stofnun á nýjum framhaldsskóla að nauðsynlegt er að hafa aukið starfshlutfall til að þróa og útfæra þætti sem annars eru til staðar. Þetta er fyrst og fremst nemenda vegna sem þurfa upplýsingar um hvernig skólinn starfar en einnig til þróunar á nýjum skóla með sín sérkenni og áherslur.

Í nýjum skóla gefast fágæt tækifæri til að gera hlutina á annan hátt en verið hefur. Hægt er að horfa á hagkvæmara skipulag og nýbreytni í skólastarfi. Erfiðara er að draga úr fjármagni til einstakra þátta eftir að skólastarf hefur hafist en að skipuleggja á annan og hagkvæmari hátt í upphafi. Á tímum þar sem verið er að draga saman í skólakerfinu er ekki rétt að líta fram hjá þessu tækifæri til að sjá hvort aðrar leiðir eru færar en áður var talið.

Skólinn hafði 62,5 nemendaígildi fyrir haustönn 2010. Í fjárlögum ársins 2011 er gert ráð fyrir 68,5 nemendaígildum. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að 120-150 nemendur yrðu í skólanum. Fyrsta veturinn voru fjarnámsver, annan veturinn starfar skóli og má því gera ráð fyrir að um 50% nemenda séu nú komin til náms sem er nálægt raunveruleikanum því 73 nemendur innrituðust síðast liðið haust.

Miðað við upphaflega áætlun ætti því að gera ráð fyrir 90 – 112,5 nemendum næsta haust. Niðurskurðarhugmynd fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga er því langt umfram niðurskurð annarra framhaldsskóla.

Frá upphafi hefur það verið skoðun starfsmanna að þeim beri að launa til samræmis við vinnuframlag þeirra. Það er töluvert meira nú í upphafi skólastarfs en gera má ráð fyrir eftir 2-3 ár. Þeir telja ekki að launin tengist fjölda eininga til stúdentsprófs.

# Undirbúningsstarf

Hér er útlistun á nokkrum atriðum í tengslum við undirbúning skólabyrjunar. Þetta er langt í frá tæmandi listi og einungis til að varpa ljósi á þá vinnu sem fór fram við að undirbúa skólann.

nóv. 2009 Auglýst eftir skólameistara.

mars 2010 Skólameistari ráðinn.  
Starfsaðstaða ekki fyrir hendi.  
Fjármagn ekki aðgengilegt.  
Skólahúsnæði ófrágengið – líklegast gagnfræðaskólahús.  
Traust og góð skólanefnd sem fundar reglulega með skólameistara.  
Óskað eftir aðstoð ráðuneytis. Svar; málið alfarið í höndum skólameistara.  
Námskrá rædd við ráðuneyti, ný námskrá talin eðlileg fyrir nýjan skóla.  
Fjarnámsver heimsótt; óánægja nemenda með fyrirkomulag.  
Grunnskólar heimsóttir; áhugi nemenda lítill, höfðu ekki trú á að skóli yrði.  
Unnið að skólahugmynd, byggt á undirbúningssskýrslu.  
Leitað eftir svörum við spurningum sem vakna til ráðuneytis.  
Lagt til nýtt nafn við ráðherra sem hann samþykkti.  
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ heimsóttur.  
Efasemdir um að skóli geti byrjað að hausti.  
Hannað lógó.

apríl 2010 Starfsaðstaða ekki fyrir hendi.  
Fjármagn orðið aðgengilegt.  
Skólahúsnæði ófrágengið.  
Dalvíkingar hafa miklar áhyggjur af vegasamgöngum við skóla.  
Fundur haldinn til að kanna hver áhugi á fisktæknibraut væri, reyndist mikill.  
Kennslukerfi skoðuð, Moodle valið.  
Skólarammi hannaður með brautum miðað við skýrslu.  
Skólinn kynntur grunnskólum, fyrirtækjum, stjórnmalaflokkum og fleirum.  
Áhugi fyrir skólanum eykst.  
Forinnritun gengur beður en reiknað var með (sama og Fmos).  
Fundur með fulltrúa KÍ:

- Vilja gera stofnanasamning við skólameistara, telja kennara ekki tilbúna.
- Þeim kynnt að skólinn verði samkvæmt nýrri námskrá.
- Benda á að sérsamning þurfi ef farin verði leið FSN.
- Jákvæðni og vilji til útskýringa.

maí 2010 Fengið lánað húsnæði í fjarnámsveri í lok mánaðar fyrir stjórnendur.  
Aðstoðarskólameistari ráðinn – tekur ekki að fullu til starfa fyrr en 1. júní.  
Skólahúsnæði ófrágengið.  
Haldið áfram að þróa nám.  
Kynningarstarfi vegna skólans haldið áfram.  
Auglýst eftir kennurum.  
Þarfagreining tölvubúnaðar.  
Þarfagreining vegna húsgagna byrjar, beðið eftir ákvörðun um húsnæði.  
Húsnæði skoðað til að sjá hvernig það hentar menntaskólanum.  
Framhaldsfundur um fisktæknibraut með

- stéttarfélögum
- sveitarstjórnarmönnum
- alþingismönnum
- fyrirtækjum í sjávarútvegi
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
- Bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar tekur að sér stjórn samstarfsins.

Mál í brennidepli:

- Akstur nemenda frá Siglufirði fram að gangaopnun.
- Mötuneytismál verði gagnfræðaskólahús notað.
- Fjárhagsáætlun.

júní 2010

Unnið í fjarnámsveri.

Kennarar ráðnir.

Skólahúsnæði ófrágengið þar til í lok mánaðar. Þá er farið í

- skoðun á húsnæði
- lagðar fram tillögur að breytingum
- lagðar fram fyrstu tillögur að endurbótum.
- Fjallabyggð hefur ekki tók á að leggja til byggingarstjóra.
- Iðnaðarmenn slegnir, höfðu margspurt um verkefni í skólanum.
- Iðnaðarmenn samþykkja vegna nemenda að fórna fríum og hliðra til verkum.

Umsóknir um skólavist langt umfram væntingar.

- Ársnemendakvóti alls 45.
- Nýtt í fjarnámsveri 27,5 ónýtt 17,5.
- Laust fyrir haustönn  $45+17,5=62,5$  (staðfest í mnr).

Haldið áfram að þróa nám.

Leitað að tengilið FS netsins – finnst ekki.

Starfsdagur kennara

- hugmyndir kynntar,
- kennarar bæta við og breyta,
- niðurstaða fengin,
- kennarar samþykkja að KÍ geri stofnanasamning fyrir þá.

Stofnbúnaðaráætlun að svo miklu leyti og hægt var.

- Ekki hægt að ljúka þar sem húsnæði var ófrágengið.
- Leitað tilboða engu að síður.
- Fengið tilboð í tölvukerfi og annan búnað.

júlí 2010

Húsnæði afhent 1. júlí, reyndist í miklu lakara ástandi en talið var.

- Hitakerfi annar ekki byggingu, ofnakranar bilaðir.
- Gluggakarmar og hurðir útrist með hakakrossum, nöfnum o.fl.
- Gluggar skýjaðir, með götum, skordýr.
- Þakleki, leki meðfram gluggum, opnanleg fög óþétt.
- Brunavarnir í ólagi, flóttaleiðir ónothæfar.
- Salerni fyrir fatlaða vantaði.
- Útihurð óþétt og fauk upp.
- Tæpur helmingur ljósa ónýtur.
- Niðurföll í ólagi.
- Ticino tenglar – varð að skipta út öllum tenglum og rofum.
- Tölvulagnir ófullnægjandi, brunakerfi og öryggiskerfi vantaði.
- Einstaka gólfdukar ónýtir, framkvæmdir skildu eftir göt.
- Loftgöt í flotkjallara opin.
- Eldhús í starfsmannaálmu ekki nothæft.
- Bílastæði of lítið.
- Þakstokkur (kantur) fúinn (hættulegur) utan smákafla.
- Málningu utandyra ábótavant.
- Málningu innandyra ábótavant.
- o.fl.
- Ellefu verktakafyrirtæki komu að verki við lagfæringar og breytingar.
- Skólameistari endaði sem nokkurs konar byggingarstjóri.

Stofnbúnaðaráætlun samþykkt

- Lokayfirferð á stofnbúnaðaráætlun.
- Pantað.
- Húsgögn koma ekki fyrir skólabyrjun.

Unnið áfram að undirbúningi skólstarfs við afleitar aðstæður undir banki, niðurrifum og borhljóðum.

Áreiti mikið vegna álitamála varðandi húsnæði.

Húsvörður tekur til starfa við lok mánaðar.

Fjármálastjóri tekur til starfa við lok mánaðar.

FS netið pantað – tengiliður fannst (ekki enn komið í byrjun október).

ágúst 2010 Unnið við skólahúsnæði

- Sjá útlístun áður.
- Skipulagsvinna þannig að allt náist fyrir 23. ágúst.
- Takmarka kostnað eins og mögulegt er.
- Eina fjármagnið er fyrir hönnun á skóla sem þarf helst að duga.

Skólaakstur um göng – leyst.

Fjallabyggð sér um skólaaksturinn.

Nemendafjöldi kominn langt umfram skipulag og kvóti búinn.

Nemendum vísað frá (5).

Kennarar taka til starfa – undirbúningur kennslu á fullu – vinna heima.

Leysa húsgagnamál, fá lánuð borð og stóla út um allan bæ, bjargaðist.

Kennarasamband Íslands

- Bauð fram aðstoð við röðun kennara í launaflokka, barst 19. ágúst.
- Breytir kröfum til skólans.
- Gerir athugasemd við 175 daga og 20 daga námsmatstíma.
- Skóladagatali breytt, 30 daga námsmatstími – KÍ sagði verra en hitt.
- Skóladagatali breytt til baka (175 dagar, 20 daga námsmatstími).
- Kennarasamband gerir kröfu um 22 tíma kennsluskyldu.
- Krafa að 200 f eininga stúdentspróf kosti meira.
- Kennari sem kennir í MTR á að fá meira fyrir hvern áfanga en kennari í MA.
- Óskað eftir aðstoð SMÍ, FÍF og mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- KÍ talaði aldrei við kennara – þeir eru ósáttir við það.
- Kennarar hafna því nú að KÍ sjái um stofnanasamning.
- Kennarar og skólameistari telja ástæðu til viðbótarlauna vegna verka við
  - nýjan skóla
  - nýja áfanga
  - þróunarstarf
  - sjá skilgreiningar síðar.

Skóli byrjar í fallegu húsi 23. ágúst.

Skólabyrjun gekk afar vel, starfsmenn og nemendur ánægðir og áhugasamir.



Nemendur við nám. Mynd: Gísli Kristinsson

## Starfsfólk

Skólinn hefur einstaklega vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk. Þessir starfsmenn eru:

### **Bergþór Morthens**

Starf: Listgreinakennari

Menntun: Myndlistarskólinn á Akureyri, fagurlistadeild. Kennsluréttindi KHÍ

Dæmi um reynslu: Listamaður Fjallabyggðar, verkefnisstjóri í fjarnámsverinu í Siglufirði.

### **Björg Traustadóttir**

Starf: Þrif og fleira

Dæmi um reynslu: Umönnun, þrif, félagsleg liðveisla, heimaþjónusta, matseld, skólaliði.

### **Gísli Kristinsson**

Starf: Hús- og tækjavarsla, kerfisumsjón

Dæmi um reynslu: Háseti, veitustjóri, vélamaður, bæjarverkstjóri, fjárhagsáætlanir.

### **Harpa Jörundardóttir**

Starf: Enskukennari, námstækni

Menntun: MA í sérkennslufræðum. Kennsluréttindi HA. BA í ensku HÍ.

Dæmi um reynslu: Enskukennsla í MA (10 ár), félagsmálafulltrúi, stjórn kennarafélags, skólaráð.

### **Inga Eiríksdóttir**

Starf: Fjármálastjórn, skrifstofa, stærðfræðikennari

Menntun: Mennta- og menningarstjórnun Bifröst. Viðskiptafræði HA. Kerfisfræði.

Kennsluréttindi HA.

Dæmi um reynslu: Markaðs- og kynningarfulltrúi. Kennsla í grunnskóla.

### **Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir**

Starf: Aðstoðarskólameistari, íslenskukennari

Menntun: Diploma í opinberri stjórnsýslu. M.Paed í íslensku. Réttindanáám HÍ. BA í íslensku. BA í bókasafns- og upplýsingafræði.

Dæmi um reynslu: Skólastjórn grunnskóla. Kennari. Forstöðumaður bókasafns.

### **Lára Stefánsdóttir**

Starf: Skólameistari

Menntun: MFA í listljósmyndun. M.Ed. í menntunarfræðum. Réttindanáám HÍ. Fjarkennslufræði. Kerfisfræði.

Dæmi um reynslu: Ráðgjöf og þróunarstarf í framhaldsskólum, tölvukennsla, deildarstjórn.

### **Óskar Þórðarson**

Starf: Íþróttakennsla

Menntun: Cand Scient í íþróttþjálfun. Réttindanáám KHÍ. Cand Mag í þjálfun.

Dæmi um reynslu: Aðjúnkt í íþróttufræðum KHÍ/HÍ, íþróttakennari og þjálfari.

### **Valgerður Ósk Einarsdóttir**

Starf: Dönskukennari og upplýsingatækni dreifmenntar

Menntun: BA í dönsku HÍ. Réttindanáám HA. Í meistaranámi í menntunarfræðum.

Dæmi um reynslu: Dönskukennsla MA og FSN. Dreifmennt.

Guðrún Ingimundardóttir frá Tónskóla Fjallabyggðar tekur þátt í þróun og uppbyggingu á áfanganum Inngangur að listum. Hún er með doktorspróf í heimstónlist og lagasmíðum. Hún starfar einnig sem forstöðumaður Þjóðlagasetursins á Siglufirði.

## Vinna við skólanámskrá


Skólanámskrá í nýjum skóla krefst mikillar vinnu. Nemendur eiga rétt á að stefna skólans, skólareglur, námskrá og fleira sé helst tilbúið fyrir skólabyrjun en ella eins fljótt og auðið er eftir það. Starfsmenn eiga fullt í fangi með að koma hinu daglega starfi í gang þannig að ekki er hægt að koma viðbótarvinnu fyrir innan hefðbundins vinnutíma.

Skólinn starfar eftir nýrri námskrá en hefur ekki fengið neitt viðbótarfé til þess líkt og aðrir framhaldsskólar í landinu sem þó eru enn við undirbúningsvinnu en MTR hefur þegar tekið til starfa.

Í sumum tilfellum þurfum við að leita út fyrir skólann að ráðgjöf og hefur Jóna Pálsdóttir jafnréttisráðgjafi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til dæmis komið í heimsókn og kynnt Kynungabók og verið til ráðgjafar. Haft hefur verið samband við Forvarnarskóla Íslands varðandi ráðgjöf varðandi forvarnarstarf.

### Ný skólanámskrá

- Brautalýsingar
- Áfangalýsingar, námsáætlanir
- Námsval
- Námsframvinda
- Námsmat - leiðsagnarmat
- Náms- og starfsráðgjöf
- Sjálfsmatsáætlun
- Áfallaáætlun
- Foreldrasamstarf
- Öryggi
- Stefnuskra
  - Jafnrétti
  - Sjálfbærni
  - Umhverfisvitund
  - Einelti (nemenda/kennara)
  - Forvarnir
  - Starfsmannastefna
  - Upplýsingatækni
  - Lýðheilsa
  - Erlend samskipti
  - Þróun
  - Samstarf við aðra skóla
  - Skólinn í samfélaginu
  - Kennslufræðileg stefna
- Skólareglur
  - Umgengni
  - Tölvumál
  - Skólasókn
  - Vímuefni
  - Námsframvinda



Gjögrar frá Ólafsfjarðarmúla. Mynd: Lára Stefánsdóttir

## Skipulag náms

Ákveðið var að skilgreina fjölda eininga sem ljúka skal í hverju fagi á hverju þrepi og skapa með því ákveðið svigrúm. Ekki er því nauðsynlegt að allir ljúki nákvæmlega sömu áföngunum á þrepinu. Hér eru tekin dæmi af brautum, annars vegar á félags- og hugvísindabraut þar sem fyrirmynd var tekin af slíkri braut í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og hins vegar braut sem er ný og í móttun í Menntaskólanum á Tröllaskaga.

Allir nemendur þurfa að ljúka grunni náms en annars skiptast f-einingarnar sem hér segir:

	F-einingar alls	Grunnur	Brautargrunnur	Brautarval	Óbundið val	Lengd
Stúdentspróf	200	100	40	20	40	6-7 annir
Framhaldsskólapróf	90	45	30	15		3 annir

### Grunnur stúdentspróf

Allir nemendur þurfa að ljúka grunni í því námi er þeir velja sér.

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Íslenska		10	10	20
Stærðfræði		10		10
Danska		10		10
Enska		10	10	20
Lýðheilsa	4	6		10
Inngangur að félagsvísindum	5			5
Inngangur að náttúruvísindum	5			5
Inngangur að listum	5			5
Tröllaskagi		5		5
Upplýsingatækni dreifnáms		5		5
Saga		5		5
	19	61	20	100

### Brautargrunnur, félags- og hugvísindasvið:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Íslenska			5	5
3. mál	5	10		15
Félagsfræði		10		10
Heimspeki		5		5
Sálfræði		5		5
Alls:	5	30	5	40

### Brautargrunnur, listabraut:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Listasaga		10	5	15
Myndlist		5		5
Listljósmyndun		5		5
Sjón- og tónlist		5		5
Heimspeki		5		5
Sköpun		5		5
<b>Samtals:</b>		<b>35</b>	<b>5</b>	<b>40</b>

### Brautarval, fagurlistir:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Myndlist		10	10	20
<b>Samtals:</b>		<b>10</b>	<b>10</b>	<b>20</b>



# Nýjar námsbrautir

Í undirbúningsskýrslu undir aðdraganda skólans komu fram fjölmargar hugmyndir um skólastarfið. Ekki var hægt að verða við öllum þeim óskum sem þar komu fram en tvær nýjar námsbrautir voru skilgreindar og ein ný námsleið á listabraut. Þessar brautir eru:

## Fisktæknibraut

Myndað hefur verið samstarf milli Menntaskólans á Tröllaskaga, sveitarfélaga, stéttarfélaga, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og fyrirtækja í fiskvinnslu við Eyjafjörð undir heitinu: Fisktækniskóli Eyjafjarðar. Mynduð hefur verið stjórn og í henni sitja:

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, formaður

Anna Júlíusdóttir, Einingu Iðju stéttarfélagi

Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Símeys, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar

Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu, Samherja

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Ráðgert er að Menntaskólinn á Tröllaskaga sinni bóklegu námi en verklegt nám fari fram í fyrirtækjum, í símenntunarmiðstöð á Dalvík og í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Þetta er í útfærslu.

Dalvíkurbyggð hefur lagt fram 400.000 til undirbúningsvinnu, sjávarútvegsfyrirtækin 400.000, stéttarfélagið Eining Iðja 400.000 og 400.000 af gjafafé til Menntaskólans á Tröllaskaga frá Ramma. Þetta fé er áætlað til verkefnisstjóra við undirbúning á verklegum þætti námsins.

## Ferða- og útivistarbraut

Lögð er áhersla á ferðamennsku í tengslum við íþróttir og útivist ásamt þeim greinum. Löng hefð er fyrir íþróttamótum bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði og verður sú reynsla nýtt á brautinni. Hugmyndin er að tengjast því sem er að gerast í grenndarsamfélaginu í tengslum við brautina.

## Listabraut

Skilgreining á listabraut er nokkuð óhefðbundin þar sem verið er að horfa til menningarlæsis og sköpunar. Þessi vinna er hafin en hér vantar einnig fjármagn til að setja fullan kraft í starfið.

Skólinn er með styrk í verkefnið Úrgangslit úr sprotasjóði, 500.000. Því verkefni er lýst nánar í kafla um þróunarverkefni.



Anddyri skólans í ágúst 2010. Mynd: Lára Stefánsdóttir

## Nýir námsáfangar

Fimm nýir grunnáfangar voru skilgreindir og eru þar með skylduáfangar á öllum námsbrautum til stúdentsprófs. Verið er að skoða hvort þeir ættu allir að vera það líka á framhaldsskólabrautum en í núverandi áætlun er ekki svo.

### **Inngangur að listum**

### **Inngangur að félagsvísindum**

### **Inngangur að náttúruvísindum**

Þessir þrjú ofangreindu áfangar eiga það sameiginlegt að þar er verið að samþætta ýmsar námsgreinar af sama meiði. Markmiðið er að nemendur fái almenna þekkingu á ákveðnu fræðasviði og eigi þar með auðveldara með að velja sér námsleiðir í framhaldinu. Hingað til hefur þetta ekki tíðkast heldur valin ein eða fleiri faggreinar, utan fræðasviðs þeirrar brautar sem nemendur velja sér, sem kynning á öðru.

Listir hafa hingað til ekki verið kjarnagrein til stúdentsprófs en það er stefna MTR að listlæsi sé grunnþekking sem eigi við þegar verið er að byggja upp almennan þekkingargrunn nemenda.

### **Tröllaskagi**

Við teljum eftirsóknarvert að nemendur taki einn grenndaráfanga sem fjallar um þeirra nánasta umhverfi; náttúru, samfélag, listir, atvinnurekstur o.fl. Ástæðan er sú að ef nemendur þekkja sitt umhverfi faglega er auðveldara að yfirfæra hana á aðra þætti og víðar. Lögð er áhersla á sjálfbærni nærumhverfisins, það er hvernig samfélagið og umhverfið spila saman, lýðræðisleg vinnubrögð, ábyrgð og virðingu fyrir því sem næst stendur.

### **Upplýsingatækni dreifnáms**

Skólinn er byggður upp á dreifnámi og þó ætla megi að nemendur séu með góða grunnþekkingu á upplýsingatækni þegar í skólann er komið er sú þekking ekki tengd vinnubrögðum í dreifnámi. Því var ákveðið að búa til áfanga sem blandar saman verkþekkingu á tölvur, aðferðum og skipulagi í dreifnámi.

---

Á haustönn 2010 er verið að kenna áfangana „Upplýsingatækni dreifnáms“ og „Inngangur að listum“ en á næstu síðu má sjá námsáætlun þess áfanga sem dæmi um vinnubrögð okkar.



Myndlistartími. Mynd: Gísli Kristinsson.

## Inngangur að listum – ILI1A05

### Lýsing á efni áfangans

Inngangur að listum með megináherslu á myndlist, tónlist og listljósmyndun í samhengi við menningu og samfélag hvers tíma. Farið verður yfir samfélagsleg áhrif menningar og lista frá endurreisn til dagsins í dag. Lögð er áhersla á að skoða „bergmál“ milli mismunandi listgreina og samfélagsmenningar þegar listin er mótuð. Sérstaklega verður horft til helstu listamanna hvers tímabils og nýjungar kynntar með greiningu á verkum þeirra.

### Lokamarkmið áfanga

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á

- hugtakinu list
- helstu stefnum og straumum í myndlist, listljósmyndun og tónlist frá endurreisn til nútímans
- helstu listamönnum hvers tímabils
- grunnþáttum formfræði og teikningar
- helstu efns- og túlkunarþáttum tónlistar
- ljósmyndun og ljósmyndavél
- blöndun grunnlita í litatóna og hugtökum þar að lútandi
- myndbyggingu
- hugmynd (konsept)
- sameiginlegum þráðum í ólíkum listgreinum á hverjum tíma
- samsvörun og mismun á menningu þess staðar sem nemendur skoða og á íslenskum menningarveruleika sama tímabils
- þróun og sögu klasískrar tónlistar, helstu höfundum, frumherjum og verkum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í

- skissu- og teiknivinnu
- blöndun lita og tóna
- uppbyggingu myndflatar
- skilgreiningu eðlis eigin sköpunar og rökstuðningi
- skilningi á formum og uppbyggingu þeirra
- að taka ljósmynd og vinna til birtingar á prenti eða á vef
- að geta aðgreint endurreisnar-, barokk-, klassískan, rómantískan og 20. aldar tónstíl eftir heyrn.
- að geta á einfaldan hátt rökstutt eigin skoðanir á tónlist og flutningi hennar með réttum tilvísunum í efnis og túlkunarþætti
- að hafa góðan skilning á grunnhugtökum og orðaforða tónlistar, svo sem hrynur, laglína, samhljómar, tónstyrkur, formgerð, taktur, tempó, hendingar, mótíf, spenna, slökun.

Nemandi hafi öðlast færni í

- að byggja upp myndverk
- að nýta reglur form og lögmál myndlistar í eigin listsköpun
- sjálfstæðum vinnubrögðum og hugsun út frá hugmynd (konsept)
- að skilja og skynja grunnþætti í myndlist.
- að vinna á persónulegan hátt með eigin hugmynd og útfæra hana í myndverki með tilliti til lita-, formfræði og myndbyggingar
- að beita greinandi hlustun á mismunandi tónlistarstíla eftir tímabilum

### Námsmat

Námsmat í áfanganum fer fram með leiðsagnarmati alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði.

### Námslýsing

Meginmarkmið áfangans er að auka menningarläsi nemenda með samþættingu myndlistar, tónlistar og listljósmyndunar í samhengi við menningu og samfélag hvers tíma ásamt kynningu á listsköpun. Kennslan fer fram með umræðum í tímum og á Netinu auk verklegra tíma undir verkstjórn kennara. Lögð er áhersla á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

## Þróunarverkefni

Segja má að skólinn sé í heild þróunarverkefni í þeim skilningi að verið er að skapa nýjan skóla en slíkt skapar heilmikið álag fyrir starfsmenn og nemendur. Ekki er hægt að svara öllum spurningum þar sem svörin eru ekki til en á sama tíma geta allir tekið þátt í að móta skólann sinn með einum eða öðrum hætti.

Hér er ekki leitast við að skilgreina þróunarverkefnin til hlítar heldur einungis benda á hvaða leiðir er verið að þróa í skólanum sem gætu verið skólakerfinu til hagsbóta.

### Prep undanfari þreps

Menntaskólinn á Tröllaskaga er fámennur framhaldsskóli og því þarf að velja fyrir sér hvaða leiðir er hægt að velja til að hann geti verið eins rekstrarlega hagkvæm eining og mögulegt er. Þegar kennarar voru að ræða skipulag skólustarfs í júní varð til sú hugmynd hvort mögulegt væri að prep væri undanfari þreps í stað þess að úthugsa áfangakerfið þannig að áfangi væri ævinlega undanfari áfanga. Ef er að ræða tvo áfanga á tilteknu þrepi í grein þá skiptir ekki máli hvor áfanginn er tekinn á undan. Kennarar veltu þessu heilmikið fyrir sér en niðurstaða þeirra var sú að þetta væri mögulegt og ákveðið að láta á það reyna.

Gangi þetta eftir aukast möguleikar fámennra skóla á að bjóða færri áfanga á hverri önn.

### Þurfum við kennslubækur?

Markmið verkefnisins er að velja námsefni í tengslum við innihald áfanga á hvaða formi sem það er. Mikil umræða var meðal starfsmanna um kennslubækur, gagnsemi þeirra og annmarka. Nemendur þurfa allir að kaupa sér fartölvu til að stunda nám í skólanum sem getur verið töluvert kostnaðarsamt og ekki síst fyrir heimili sem eiga fleiri en einn nemanda í skólanum. Skólataska með miklu magni af bókum ásamt tölvu er einnig þung sem getur verið óheppilegt fyrir heilsu nemenda. Því miður er rafræn útgáfa bóka á Íslandi mjög takmörkuð en þó talsvert til af efni sem tekur tíma að finna og velja. Nemendur velja sér einnig ítarefni.

Kennarar fóru yfir rafrænt námsefni sem tengdist þeirra áföngum og þeirra niðurstaða var sú að í flestum tilfellum var hægt að kenna án bóka. Á sama tíma er verið að byggja upp bókasafn skólans, enda bækur okkur mikilvægar og bókasafn Fjallabyggðar er í næsta húsi sem við munum hafa samstarf við.

Það er þó alls ekki svo að verið sé að úthýsa bókum á nokkurn hátt heldur spyrja spurningarinnar og komast að niðurstöðu að vel ígrunduðu máli.

### Úrgangslist

Styrkur fékkst úr sprotasjóði til verkefnisins kr. 500.000.-

Markmið verkefnisins er að nemendur

- skapi list úr úrgangi
- kynnist hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- efli tengsl við grenndarsamfélagið út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- vinni með efni sem alla jafna er hent og gefa því nýtt líf þannig að nemendur og samfélagið í heild kynnist því að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er
- búi til raunveruleg verðmæti
- skapi hringrás efnis í stað förgunar þess
- fái skilning á því að hringrás efnis dregur úr frumvinnslu hráefna.

Við völdum að búa ekki til sérstakan námsáfanga sem fæst við úrgangslist heldur samþætta það inngangsáfanganum í listum sem allir nemendur taka og myndlistarvali.

### **Lotuáfangar**

Ákveðið var að önn væri skipulögð á hefðbundinn hátt utan eins áfanga þar sem er ein kennslustund í viku þar til um miðja önn en þá stendur áfanginn yfir allan daginn. Síðan er aftur kennd ein kennslustund á viku og að lokum námsvika í lok annar.

Í áföngum sem kenndir eru með þessu sniði er hægt að fá gestakennara í námslotur, nemendur vinna að ákveðnu verkefni sem þeir hafa valið sér undir leiðsögn kennara. Horft er til viðfangsefna sem tengjast atvinnu- og félagslífi á svæðinu sem er mjög fjölbreytt. Á fyrstu önn eru kenndir tveir áfangar með þessu sniði, annars vegar listljósmyndun og hins vegar ítarleg verkefni að eigin vali þar sem reynir á frumkvæði, sköpun og áræði sem eru einmitt einkunnarorð skólans.

### **Opinn hugbúnaður**

Ákveðið var að nota í öllum tilfellum opinn hugbúnað þar sem þess væri nokkur kostur. Tölvur skólans eru því eingöngu með opnum hugbúnaði utan þeirra sem þurfa öflugan myndvinnslu eða samskipti vegna reiknilíkana, fjármála og fjársýslu.

Ákveðið var að ganga til samstarfs við hugbúnaðarhúsið Stefnu á Akureyri sem hefur mikla reynslu af opnum hugbúnaði.



Kleifar og Ytriárdalur í Ólafsfirði. Mynd: Lára Stefánsdóttir